

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 1. febrúar 2023.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.18.15.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson (vék af fundi kl. 17.00), Viðar Halldórsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Sylvía Ósk Speight og Már Sveinbjörnsson. Forföll: Aðalbjörg Óladóttir.

Dagskrá:

1. 53. þing ÍBH 11. maí 2023 – Undirbúningur

Farið yfir fastanefndir, starfsmannalista og skoðunarmenn reikninga.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að undirbúningi þingsins í samvinnu við stjórnarmenn.

2. Kynningarfundur um Erasmus+ styrki til íþróttaverkefna

Var haldinn 17. janúar sl., glærur af fundinum lagðar fram til kynningar. 2023 verður íþróttahluti styrkja fyrir Ísland 20.966 evrur. Umsóknarfrestur er til 23. febrúar nk. kl. 11.00. Rannís hefur umsjón með verkefninu á Íslandi, tengiliður oli@rannis.is.

3. Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra (ÍF) verður haldið 15. apríl 2023 í Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

4. Hafnarfjörður – Fundur með verkefnastjórum heilsueflingar

Verkefnastjórar heilsueflingar, Ásgerður Guðmundsdóttir hjá Landssambandi eldri borgara (LEB) og Margrét Regína Grétarsdóttir hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍÍ), héldu fund á Teams þann 26. janúar sl. Fundarmenn upplýstir um fundinn og áframhaldandi vinnu sem er framundan. Umræður um verkefnið.

5. Karateþing verður haldið 19. febrúar 2023 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Lagt fram til kynningar.

6. Ársþing og heiðranir

Bréf frá ÍÍ dagsett þann 25.01.2023 lagt fram til kynningar. ÍBH búið að tilkynna 53. þing ÍBH til ÍÍ og UMFÍ. Ef félög gera lagabreytingar á aðalfundum þá þarf að senda þær bæði til ÍÍ og ÍBH. Ef félög óska eftir því að ÍÍ heiðri einhvern úr þeirra röðum, þá þarf að koma upplýsingum um viðkomandi tímanlega til ÍÍ, þá er t.d. hægt að gera það á þingi ÍBH eða á aðalfundum félaga.

7. Vorfjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun

Bréf frá ÍSÍ frá 27. janúar sl., lagt fram til kynningar. Búið er að senda bréfið áfram til allra aðildarfélaga ÍBH og deilda þeirra.

8. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.